

**Nd.** **197. Frumvarp til laga** [111. mál]  
um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað orðanna „Innan sex mánaða“ í upphafi 1. mgr. 66. gr. lyfsölulaga komi:  
Innan tólf mánaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum landlæknis. Upphaflega var frestur þessi áætlaður mjög naumur, þar sem fjöldi erlendra lyfjafirma verður að sækja um, að sérlyf þeirra verði tekin hér á skrá. Þá telur landlæknir og framlengingu frestsins óhjákvæmilega vegna ófyrirsjáanlegs dráttar, er á því varð, að lyfjaskrárnefnd gæti hafið störf.